

STARFSREGLUR TILNEFNINGARNEFNDAR ÁSA HF.

1. Tilgangur tilnefningarnefndar

- 1.1. Tilgangur tilnefningarnefndar (hér á eftir "nefndin") Ása hf. (hér á eftir "félagið") er að stuðla að hagsmunum allra hluthafa og kanna að frambjóðendur til stjórnar félagsins hafi, sameiginlega, fullnægjandi þekkingu og reynslu til að geta sinnt skyldum sínum samkvæmt samþykktum félagsins, lögum um hlutafélög nr. 2/1995, auk annarra laga og reglugerða sem gilda um félagið.
- 1.2. Nefndin skal vera virkur vettvangur til að meta hvort frambjóðendur til stjórnar hafi, fullnægjandi og viðeigandi hæfni til að starfa sem stjórnarmenn hjá félaginu samkvæmt hæfnisviðmiðum félagsins, sbr. viðauka 1. Enn fremur ber nefndinni að meta hvort samsetning stjórnar sem heild sé skilvirk. Á grundvelli niðurstaðna skal nefndin leggja fram tillögur sínar um framboð til stjórnar fyrir hvern aðalfund.

2. Samsetning og hæfisskilyrði tilnefningarnefndar

- 2.1. Nefndin skal skipuð þremur (3) nefndarmönnum og skulu þeir allir vera óháðir félaginu og framkvæmdastjórn þess.
- 2.2. Hvorki má skipa stjórnendur né starfsmenn félagsins sem nefndarmenn.
- 2.3. Sameiginlega þurfa nefndarmann að hafa yfir að ráða:
 - a) Viðtækri reynslu við mat einstaklinga með hliðsjón af hæfnisviðmiðum.
 - b) Góða þekkingu á rekstri fyrirtækja og skyldum stjórnarmanna.
 - c) Framúrskarandi þekkingu á stjórnarháttum fyrirtækja og kröfum sem gerðar eru samkvæmt lögum og reglugerðum auk almennt viðurkenndra viðmiðunarreglna um stjórnarhætti fyrirtækja.
- 2.4. Hver nefndarmaður skal uppfylla að minnsta kosti eitt af ofangreindum viðmiðum og hafa góðan orðstír í atvinnulífinu, og gott orðspor og siðferði.

3. Skipun tilnefningarnefndar

- 3.1. Nefndarmenn skulu kjörnir af aðalfundi á hverju ári. Skipun nefndar skal vera í samræmi við jafnréttiskröfur í lögum um hlutafélög nr. 2/1995.
- 3.2. Stjórn félagsins skal leggja fram tillögu um kjör þriggja nefndarmanna í fundarboði til aðalfundar. Hluthafar félagsins geta með minnst sjö daga fyrirvara gert tillögu um aðra nefndarmenn og skal þá á aðalfundi kosið milli þeirra sem tillaga er gerð um.
- 3.3. Aðilar sem eru tilnefndir til setu í tilnefningarnefnd skulu veita félaginu sömu upplýsingar og frambjóðendum til stjórnar er skylt að tilgreina samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995 og samþykktum félagsins, auk upplýsinga um hvernig frambjóðendur uppfylla eitt eða fleiri viðmið í grein 2 í þessum reglum.
- 3.4. Stjórn skal meta tilnefningar til nefndarinnar á sama hátt og stjórn metur framboð til stjórnar samkvæmt samþykktum félagsins. Eigi síðar en tveimur dögum fyrir

aðalfund skal stjórn birta nöfn allra þeirra sem hafa verið tilnefndir til setu í tilnefningarnefnd á sama hátt og framboð til stjórnar eru birt.

- 3.5. Upplýsingar um fyrirkomulag skipunar nefndarinnar, starfsreglur tilnefningarnefndar og upplýsingar um nefndarmenn skulu birtar á heimasíðu félagsins.
- 3.6. Ef nefndarmaður lætur af störfum eða hættir sem nefndarmaður, af hvaða ástæðu sem er, áður en skipunartími viðkomandi nefndarmanns er útrunninn, skal stjórn tilnefna einn nefndarmann í hans stað fram að næsta aðalfundi.

4. Skyldur tilnefningarnefndar og verkferlar

- 4.1. Meginábyrgð nefndarinnar er að starfa sem ráðgjafarnefnd vegna kosningu stjórnar á hverjum aðalfundi.
- 4.2. Nefndin skal birta á heimasíðu félagsins upplýsingar um hvernig hugsanlegir frambjóðendur til stjórnar geta lýst yfir áhuga sínum á að starfa sem stjórnarmenn. Nefndin skal búa til staðlað eyðublað þar sem fram koma viðeigandi upplýsingar um hæfi og hæfni frambjóðenda og tryggja að slíkt eyðublað sé til fyrir starfandi stjórnarmenn. Upplýsingar um málsmeðferð og stöðluð eyðublöð skulu vera aðgengileg á heimasíðu félagsins.
- 4.3. Nefndin skal meta hæfni og samsetningu núverandi stjórnar. Taka skal viðtöl við stjórnarmenn með það að markmiði að meta viðeigandi hæfni byggt á hæfisviðmiðum félagsins, sem og að meta skilvirkni stjórnar sem heild í samræmi við upplýsingar frá stjórnarmönnum. Ennfremur skulu starfandi stjórnarmenn tilkynna nefndinni ef þeir hyggjast leitast eftir áframhaldandi stjórnarsetu eða ekki, helst áður en nefndin gefur út tillögur sínar fyrir aðalfund.
- 4.4. Í kjölfar viðtala við stjórnarmenn skal nefndin leggja fram rökstutt mat á hæfni stjórnar sem heildar og samsetningu hennar sem metin er á grundvelli hæfnisviðmiða stjórnar félagsins. Þá skal nefndin ákvarða hvort það sé þörf á reynslu eða hæfni sem þurfi að uppfylla með því að leita eftir nýjum frambjóðendum. Ef staðfest er á grundvelli rökstudds álits nefndarinnar að það sé skortur á ákveðinni reynslu eða hæfni, þá skal leitast við að finna frambjóðendur sem hafa til að bera þá hæfni eða reynslu sem á skortir eða með öðrum hætti geta aukið við hæfni stjórnar félagsins. Í slíku ferli skulu hluthafar fá tækifæri til að leggja fram tillögur um frambjóðendur og skal nefndin hvetja hluthafa til að koma fram með hugsanlega frambjóðendur tímanlega. Nefndin getur ákveðið að birta opinberlega hvatningu til framlagningu framboða, og skulu slíkar tilkynningar greinilega tilgreina þær sérstöku hæfnikröfur sem leitað er eftir.
- 4.5. Nefndin skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að tilnefndir frambjóðendur hafi sameiginlega fullnægjandi fjölbreytni og breidd í hæfni, reynslu og þekkingu. Nefndin skal meta sjálfstæði hugsanlegra frambjóðenda til þess að tryggja að fyrirhuguð framboð séu í samræmi við reglur um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefin eru út af Viðskiptaráði Íslands. Enn fremur skal nefndin sjá til þess að fyrirhuguð framboð séu í samræmi við lög 2/1995 um jafnréttismál kynjanna í stjórn.

- 4.6. Nefndin skal kynna stjórn rökstuddar tillögur sínar að minnsta kosti þremur dögum fyrir stjórnarfund sem samþykkir ársreikning félagsins.
- 4.7. Byggt á matsferli nefndarinnar og leit að nýjum tilnefningum, ef við á, skal nefndin leggja fram rökstuddar tillögur um tilnefningar til stjórnar til aðalfundar sem skal fylgja í fundarboði fyrir aðalfund. Skýrslan og tillögur til aðalfundar skal gera aðgengileg hluthöfum á sama hátt og með sama fresti og önnur nauðsynleg aðalfundarskjöl eru gerð aðgengileg.
- 4.8. Öll framboð til stjórnar sem kunna að koma fram, frá því að boðað er til aðalfundar og þangað til að fimm daga frestur til að leggja fram framboð rennur út, skulu metin af nefndinni, eftir því sem unnt er, og skal það mat lagt fyrir aðalfund. Allar tillögur nefndarinnar verða að vera rökstuddar og byggðar á hæfnisviðmiðum stjórnar og kynntar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.
- 4.9. Nefndin getur ákveðið að tilnefna sama fjölda frambjóðenda til stjórnar eins og fjöldi stjórnarsæta eða tilnefna fleiri stjórnarmenn. Ef nefndin ákveður að gera það síðarnefnda ber það að tilgreina þau viðmið sem liggja til grundvallar slíkum tillögum.
- 4.10. Nefndin skal miðla til stjórnar niðurstöðum sínum um hæfni stjórnar sem heildar og skilvirkni stjórnar eins og hún kemur fram í viðtölum við stjórnarmenn. Þessar niðurstöður skal síðan nota sem innlegg í sjálfsmat stjórnar.
- 4.11. Nefndin skal reglulega endurskoða þessar starfsreglur og leggja fram tillögur um breytingar, ef við á, í skýrslu sinni fyrir hvern aðalfund.
- 4.12. Tilvísun til aðalfundar í þessum starfsreglum gildir jafnt um alla hluthafafundi þar sem nauðsynlegt er að velja nýja stjórnarmenn.

5. Fundir

- 5.1. Nefndin skal funda, eftir kosningu sína á aðalfundi, og kjósa formann nefndarinnar.
- 5.2. Nefndin skal funda eftir þörfum til að uppfylla skyldur sínar. Formaður skal kalla til fundar og stýra fundunum.
- 5.3. Fundir eru gildir og löglegir ef allir meðlimir sækja fund. Fundarsókn nefndarmanna í gegnum fjarskiptabúnað telst fullgild mæting.

6. Aðgangur að upplýsingum

- 6.1. Félagið, stjórnarmenn og hugsanlegir frambjóðendur til stjórnar skulu tryggja að nefndarmenn fái tímalega aðgang að öllum viðeigandi gögnum sem nefndin telur nauðsynleg til að sinna verkefnum sínum og skyldum samkvæmt þessum reglum.
- 6.2. Nefndin skal hafa heimild til að taka viðtöl við stjórnarmenn eða viðeigandi starfsmenn félagsins um starfsemi stjórnar sem og að kalla eftir gögnum sem eru viðeigandi fyrir störf nefndarinnar. Viðtöl skulu fara fram á grundvelli ströngustu trúnaðarskyldna.

7. Trúnaður

- 7.1. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um störf sín í tengslum við nefndina sem og allar upplýsingar sem nefndin fær starfa sinna vegna, nema annars sé sérstaklega getið í þessum starfsreglum.
- 7.2. Trúnaðarskylda helst eftir að skipunartími nefndarmanna er liðinn undir lok.
- 7.3. Allar upplýsingar nefndarinnar skulu geymdar á öruggan hátt og geymdar af félaginu. Allar persónugreinanlegar upplýsingar sem ekki eru nauðsynlegar á grundvelli lögmætra varðveislusjónarmiða skulu vera afmáðar, eytt eða gerðar ópersónugreinanlegar.

8. Þóknun nefndarmanna

- 8.1. Aðalfundur félagsins ákveður þóknun til nefndarmanna á grundvelli tillögu stjórnar sem getið er í fundarboði til aðalfundar.

9. Gildistaka

- 9.1. Reglur þessar skulu koma til framkvæmda við samþykki hluthafafundar og gilda þar til þeim er breytt eða þær afturkallaðar af hluthafafundi félagsins.
- 9.2. Starfsreglur þessar skulu birtar á heimasíðu félagsins
- 9.3. Reglur þessar eru gefnar út á ensku og íslensku, ef textinn er ósamrýmanlegur þá skal íslenska útgáfan gilda.

Þannig samþykkt á hluthafafundi í félaginu 20. ágúst 2026.